

# FRÆKORNID

FRÆDSLURIT SKÓGRÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS

*Þegar sveppir eru tíndir í skóginum er ágætt að taka neðst um stafinn og snúa sveppinn varlega upp.*



## SKÓGARSVEPPIR

### Pípusveppir

Síðla sumars hefst sveppatíminn í skóginum. Í skógunum vaxa margar tegundir gómsætra sveppa sem allir geta tileinkað sér að tína. Í þessu Frækorni er fjallað um algengustu pípusveppina í skógum landsins.

Pípusveppir (*Boletaceae*) tilheyra hatt sveppum (*Agaricales*), sem eru stærsti flokkur kólf-sveppa (*Basidiomycetes*). Einkenni á pípusveppum er að þeir hafa lag af lóðréttum pípum neðan á hattinum, en í þeim myndast gró sveppanna. Til hatt sveppa teljast einnig fansveppir, en þeir þekkjast auðveldlega frá pípusveppunum á því að neðan á hattinum eru fanir.

Margir af bestu matsveppum skóganna eru pípusveppir. Þeir eru einnig flestir auðþekktir, verða stórvaxnir og því afar áhugaverðir fyrir sveppatínslufolk.



# Algeng

## Lerki (*grevillei*) Þessi ljúf sambyli

afar algengur í þar sem hann vex oft Lerkisveppur byrjar júlí og síðan fram á Sambýlið við lerkitrén yfirleitt auðþekktan, hann ekki að finna.




## Kóngssveppur (*Boletus edulis*)

Kóngssveppur er einn besti matsveppur sem hægt að finna í skóginum. Hann er hins vegar ekki í algengur, en er helst að finna í birkiskógum. Algengastur er hann um vestanvert landið. Hann getur orðið stórvaxinn og er oft að finna langt fram eftir hausti.



Hann þekktist best á gulleitu pípulaginu, ljósbrúnum hattinum, holdugu hvolflega vaxtarlaginu og ljósgerðu æðaneti á stafnum.



# ustu pípusveppirnir í skóginum

## sveppur (*Suillus*)

fengi sveppur myndar við lerkitré. Hann er lerkiskógum landsins, í miklu magni. yfirleitt að vaxa í lok haust.

gerir lerkisveppinn því annars staðar er

## Furusveppur (*Suillus luteus*)

Þessi sveppur vex í furuskógum um allt land. Hann er algengastur í stafafuruskógum en finnst einnig nærri skógarfuru og bergfuru. Furusveppurinn er mjög góður matsveppur, fer yfirleitt ekki að vera áberandi fyrr en í ágúst og getur verið að vaxa fram á haust.



Gott er að þekkja hann á brúnleitu hattinum þar sem

hatthúðina er auðvelt að fjarlægja svo og gulleitu pípulaginu. Á ungum sveppum er það oft hulið hvítri himnu sem síðan rifnar upp þegar sveppurinn þroskast.


## Kúalubbi (*Leccinum scabrum*)

Þessi sveppur er algengur í skógum landsins. Hann er fylgisveppur birkis og er algengur um allt land. Kúalubbinn er ágætur matsveppur en best er að tína sveppinn meðan hann er smár.



Kúalubbinn er mjög breytilegur sveppur, en þekkist yfirleitt ágætlega á dökkum flösum á ljósum stafnum. Hatthúðin er fóst á sveppnum og er hún slímug í votviðri en annars þurr og mött. Pípulagið er gráhvítt og losnar auðveldlega frá hatthöldinu.

Sveppirnir gegna mikilvægu hlutverki í vistfræði skógarins. Þeir mynda sambýli með trjámum sem kallast svepprót. Sveppirnir vaxa saman við rætur trjanna. Yfirborð trjárótanna eykst því og auðveldar það mjög vatns- og næringarefnaupptöku þeirra. Sveppurinn nýtur hins vegar góðs af sambýlinu í formi sykra frá trénu. Flest skógartré mynda svepprót.



# Hreinsun pípusveppa

Þegar komið er heim með sveppina er rétt að hreinsa þá strax. Á furu- og lerkisveppum er hægt að fletta hatthúðinni af sem auðveldar hreinsunina. Gott er að skola þá úr fersku vatni og láta síðan síga af þeim.

Gott er að kljúfa sveppina eftir endilöngu til þess að skoða hvort þeir séu nokkuð maðkaðir og skera burtu allar skemmdir.

Þessa sveppi, sem hér er fjallað um, er síðan hægt að meðhöndla á mismunandi vegu fyrir neyslu:

- Borða þá ferska.
- Steikja sveppina í smjöri og salti og frysta síðan í soðinu.
- Þurrka sveppina með því að sneiða þá í þunnar sneiðar og breiða til þerris. Þegar þeir eru orðnir þurrir er hægt að geyma þá lengi.
- Sjóða sveppina niður.



ÁLFABAKKA 16 109 REYKJAVÍK sími 525 2000 fax 525 2020  
veffang [www.visa.is](http://www.visa.is) netfang [visaisland@visa.is](mailto:visaisland@visa.is)

